

## Fjármálaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Tekju- og lagaskrifstofa/TNM  
Dagsetning: 12. apríl 2000  
Málsnúmer: FJR00020092  
Bréfalýkill: 150 Lífeyrismál - almennt

Efni: Tillögur til breytinga á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á framangreindu frumvarpi. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 129/1997, sem ekki er vikið að í frumvarpstextanum.

- Við 2. mgr. 6. gr. - Greinin orðist svo: "Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og með hvaða hætti henni skal skilað til Fjármálaeftirlitsins.". **Skýringar:** Heppilegt er að takmarka ekki meira en nauðsynlegt er svigrúm til þess að setja reglur um form og efni fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Þannig er betra svigrúm til þess að setja þær reglur sem á hverjum tíma þjóna best markmiðum sjóðanna og taka tillit til þróunar á því umhverfi sem lífeyrissjóðirnir starfa í. Í ljósi þess að Fjármálaeftirlitið setur m.a. reglur um ársreikninga lífeyrissjóða er eðlilegt að það setji jafnframt reglur um form og efni fjárfestingastefnu sjóðanna.
- Við 8. gr. - Greinin orðist svo: "Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja sú fjárfestingastefna sem starfað er eftir. Jafnframt skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðastliðins árs. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um form og efni þessara skýrslna.". **Skýringar:** Ekki er nauðsynlegt að krefjast þess að lífeyrissjóðir leggi fram fjárfestingastefnu fyrir komandi ár með ársreikningum sínum. Með því að þeir leggi fram með ársreikningi þá fjárfestingastefnu sem starfað er eftir er tryggt að þeir þættir sem mikilvægir eru fyrir mat á stöðu hvers lífeyrissjóðs séu öllum aðgengilegir. Varðandi þá breytingu að Fjármálaeftirlitið setji reglur um form og efni skýrslugjafar er vísað til 1. töluliðar.
- Lagt er til að 2. málsliður 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 falli brott. **Skýringar:** Í 2. málslið 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 er vikið að rétti sjóðfélaga til að skjóta tilteknum ákvörðunum til gerðardóms skv. 33. gr. laganna. Eðlilegt er að þessi málsliður falli brott þar sem í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðið um gerðardóm verði fellt brott úr lögnum.
- Við 18. gr. laga nr. 129/1997 bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo: "Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfárs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.". **Skýringar:** Með þessu er stuðlað að því að sjóðfélagar geti betur gætt réttar síns og gripið til viðgeigandi ráðstafana ef iðgjöld þeirra skila sér ekki til lífeyrissjóðs.
- Lagt er til að í orðsins "reglugerð" í 5. mgr. 19. gr. laga nr. 129/1997 komi "samþykktum". **Skýringar:** Eðlilegt er að heimild til eingreiðslu lágrar fjárhæðar sé í samþykktum lífeyrissjóða frekar en reglugerð enda er lífeyrissjóðum í sjálfsvald sett hvort þeir nýti sér heimildina.
- Lagt er til að 12. tölul. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997 falli brott. **Skýringar:** Í

tilvitnuðum tölulið er vikið að hlutverki og skipan gerðardóms. Eðlilegt er að þessi málsliður falli brott þar sem í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæðið um gerðardóm verði fellt brott úr lögnum.

7. Í stað seinni málsliðar 53. gr. laga nr. 129/1997 kemur eftirfarandi texti: "Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr sjóðum sem starfa samkvæmt greininni fer eftir reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi voru við gildistöku laga þessara. Þó skal heimilt að breyta ákvæðum um réttindi sjóðfélaga til samræmis við almennt samkomulag sem samtök launþega og vinnuveitenda hafa gert með sér, enda fari slík breyting hvorki í bága við 3. kafla laganna né teljist ganga með óréttmætum hætti á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga innbyrðis eða annarra sem réttinda njóta, eða hafa teljandi fjárhagsleg áhrif þegar litið er til eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga. Við það mat skal m.a. litið til umsagnar tryggingafræðings viðkomandi sjóðs sem fylgja skal ósk um breytingar. Breytingar á réttindaákvæðum skulu koma fram í staðfestum samþykktum fyrir viðkomandi sjóði. Að öðru leyti skulu lög þessi gilda um hlutaðeigandi sjóði eftir því sem við getur átt." **Skýringar:** Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 22. mars 2000, er lögð til breyting á 53. gr. laga nr. 129/1997. Hún lýtur að heimild þeirra sjóða sem falla undir greinina til að gera afmarkaðar breytingar á réttindaákvæðum samþykta sjóðanna enda hafi þær óveruleg áhrif á réttindi einstakra sjóðfélaga eða sjóðfélagahópa. Framangreindar breytingar eru lagðar til í ljósi ábendinga Landssamtaka lífeyrissjóða. Við mat á því hvort breytingar hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs skal litið til áhrifa breytinganna á lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélagahópa. Miða skal við að skuldbindingar sjóðsins hækki að jafnaði ekki umfram 2% frá því sem væri samkvæmt þeirri reglugerð sem í gildi var fyrir sjóðinn við gildistöku laga nr. 129/1997. Um nánari rökstuðning fyrir breytingunni er vísað til umsagnar Landssamtaka lífeyrissjóða.

*Thomas N. Pálsson*